

Ed. **302. Frumvarp til laga** **[111. mál]**
um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Á eftir 51. tölulið B-liðar 2. gr. kemur nýr töluliður:
Selsvör á Selströnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá þessum stað, sem frumvarpið ræðir um, er töluverð útgerð. Stórjörðin Bær á Selströnd hefur verið að skiptast í mörg býli; þó að ræktun hafi verið þar mikil og ör hefur búskapurinn færzt meir í það horf, að landbúin hafa stuðzt við og óhjákvæmilega orðið að styðjast við sjósókn jafnhliða. Til þess að þetta búskaparlag sé framkvæmanlegt, þarf landingarbætur á þessum stað, og þess vegna er frumvarpið flutt.